

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 34

Dags. 28.6.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 28.06.2012

34. fundur.

28. júní 2012 kl 10:00 -12:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Tryggvadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

1. Öndólfstaðir, Reykjadal. Stofnun lóða. S20120505

Erindi dags 14. maí 2012 frá Guðrúnu Emilíu Höskuldsdóttur kr 040661-3529 og Kristjáni Guðmundssyni kt. 011159-2499, Öndólfstöðum, þar sem þau sækja um að stofna tvær íbúðarhúsalóðir og tvær frístundalóðir í landi Öndólfstaða. Meðfylgjandi er hnittsettur uppdráttur/loftmynd frá Búgarði (GHG) dagsettur 14. maí 2012.

Með vísan til ákvæða í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er heimilt að afmarka lóðir og reisa allt að þremur frístundahúsum á hverju núverandi lögbýli (við gildistöku aðalskipulagsins). Einnig er heimilt að afmarka lóðir og reisa allt að þremur íbúðarhúsum á hverju núverandi lögbýli.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum beinir Skipulags- og umhverfisnefnd þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðirnar.

2. Stekkjarhóll, Reykjadal. Stofnun lóðar. S20120504

Tekið fyrir að nýju erindi dags 15. maí 2012 frá Guðmundi Gunnarssyni f.h. Hallfríðar Jónasdóttur kt. 241046-3549 þar sem sótt er um afmökun og stofnun lóðar úr landi Stekkjarhóls í Reykjadal. Meðfylgjandi er samþykki annarra landeigenda og afstöðumynd frá Búgarði (GHG) með afmörkun lóðar fyrir frístundahús, ásamt afstöðu- og yfirlitsmynd vegna byggingar frístundahúss á lóðinni. Sveitarstjórn vísaði málinu aftur til skipulags- og umhverfisnefndar þar sem upp komu vafaatriði um túlkun ákvæða í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2012-2022 varðandi heimild til að byggja frístundahús og íbúðarhús á bújörðum/lögbýlum. Leitað var til lögmanns Skipulagsstofnunar um túlkun á ákvæðum aðalskipulagsins og koma niðurstöður hans fram í eftirfarandi bókun.

Samkvæmt Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2012-2022 sem staðfest var 20. júní 2011 er einungis hægt að byggja frístundahús á lögbýlum á landbúnaðarsvæðum og á skilgreindum frístundasvæðum. Miðað er við skráð lögbýli þegar aðalskipulagið var staðfest 20. júní 2011. Samkvæmt því heldur lögbýlið Öndólfstaðir þeim heimildum að byggja 3 frístundahús á sínu lögbýli skv. aðalskipulaginu.

Engin stefna er sett fram í sveitarfélaginu um að leyfa stök frístundahús á jörðum á landbúnaðarsvæðum sem ekki eru lögbýli.

Til að geta gefið út byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á jörð Stekkjarhóls, þarf að gera breytingar á aðalskipulaginu samkvæmt þeirri stefnu sem þar er tilgreind um frístundahús.

Skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki orðið við erindinu á þessu stigi en felur skipulagsfulltrúa í samráði við landeigendur að leita leiða til þess að þau geti komið áformum sínum í framkvæmd.

3. Stóra-Tunga, Bárðardal. Stofnun lóðar S20120606

Erindi dags 20. júní 2012 frá Stefáni Skaftasyni, Straumnesi, f.h. Páls Kjartanssonar kt. 120550-7649, Víðikeri, þar sem hann sækir um stofnun lóðar fyrir 70 kW rafstöð í Tungulæk í Stóru-Tungu. Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur frá Sigurgeiri Skúlasyni, landfræðingi, greinargerð frá Verkfræðistofu Norðurlands og drög að lóðarleigusamningi.

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er ákvæði um að heimilt sé að reisa smávirkanir á landbúnaðarsvæðum með allt að 200 kW uppsettu rafafli.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum beinir Skipulags- og umhverfisnefnd þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.

4. Staðarhóll, Aðaldal. Afmörkun lands S20120607

Erindi dags 20. júní 2012 frá Hólmgeiri Hermannssyni, kt. 201157-2859, Staðarhóli, Aðaldal, 641, Húsavík þar sem hann óskar eftir að afmarka landspildur úr landi Staðarhóls í Aðaldal. Spildurnar hyggst hann selja Bjarna Eyjólfssyni, Hvoli Aðaldal til stækkunar á landi Hvals. Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur frá Búgarði (GHG) dags 14.06.2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að skrá landið skv. uppdrætti sem vísað er til í umsókn.

5. Hólasandur. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna malarnáms. S20120608

Erindi dags 26. júní 2012 frá Hallgrími Hallssyni kt. 090462-5049, Árhólum, 641 Húsavík, þar sem hann sækir um framkvæmdaleyfi til að vinna mól allt að 25.000 m³ til tíu ára úr malarnámi í landi hans sem staðsett er við afleggjarann að Þeistareykjum á Hólasandi. Efnistökusvæðið/malartökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem E13, í notkun/ófrágengin. Umsækjandi hyggst koma fyrir malara á svæðinu og jafna út köntum á efnistökusvæði jafn óðum og malarvinnslan fer fram. Meðfylgjandi er yfirlitsmynd/loftmynd frá Búgarði dags.27. maí (GHG) sem sýnir nánar staðsetningu á malartökusvæðinu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt.

6. Jaðar Reykjadal. Hesthús og vélageymsla S20120405

Tekið fyrir að nýju erindi dags 23. apríl sem byggingarfulltrúi vísaði til skipulags- og umhverfisnefndar frá Arnhildi Pálmadóttur f.h. Sigurðar Haraldssonar Jaðri þar sem sótt er um leyfi til að reisa hesthús og vélageymslu á jörðinni Jaðri skv. meðfylgjandi teikningum dags 20. mars 2012 frá Hönnunarverksmiðjunni ehf (A. P.) Erindið var sent í grenndarkynningu 25. maí og stóð grenndarkynningin yfir til 22. júní. Engar athugasemdir bárust. Vegagerðin gerði ekki athugasemdir við staðsetningu á hesthúsinu en vakti athygli á því að hún tæki ekki þátt í kostnaði við gerð hljóðmanar reynist þörf á henni vegna nálægðar hesthússins við þjóðveginn.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og sent byggingarfulltrúa til formlegrar afgreiðslu á byggingarleyfi.

7. Litlutjarnir, Ljósavatnsskarði. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisnáms S20120609

Erindi dags 25. júní 2012 frá Ingólfi Péturssyni, verkefnisstjóra, f.h. Þingeyjarsveitar kt. 590602-2640 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til að vinna mól allt að 25.000 m³ til tíu ára úr malarnámi sem staðsett er í landi sveitarfélagsins í landi Litlutjarna í Ljósavatnsskarði.

Efnistökusvæðið/malartökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem E19, í notkun/ófrágengin. Umsækjandi mun sjá til þess að notendur námunnar jafni út köntum og fláum á efnistökusvæðinu jafnóðum og malarvinnslan fer fram og móta landið til samræmis við landslag á svæðinu í lok efnistöku.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt.

8. Hólkot, Reykjadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisnáms S20120610

Erindi dags 25. júní 2012 frá Stefáni Þórisssyni kt. 220630-4948 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til að vinna mól allt að 25.000 m³ til tíu ára úr malarnámi sem staðsett er í landi hans Hólkoti í Reykjadal.

Efnistökusvæðið/malartökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem E15, frágengin að mestu leyti en hefur verið opnuð aftur að hluta. Umsækjandi mun sjá til þess að notendur námunnar jafni út köntum og fláum á efnistökusvæðinu jafnóðum og malarvinnslan fer fram og móta landið til samræmis við landslag á svæðinu í lok efnistöku.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt.

9. Önnur mál

Skipulags- og umhverfisnefnd vekur athygli á því vandamáli sem skapast hefur með útbreiðslu skógarkerfils víða í Þingeyjarsveit. Nefndin skorar á sveitarstjórn að leita leiða til að uppræta þennan vágast.

Fundi slitið